

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2266-016-MIN-001-V01

DAGS.

01.03.2023

SENDANDI

Samúel Orri Stefánsson, Efla

VERKHEITI

Grunnskólinn á Suðureyri

VERKKAUPI

Ísafjarðarbær

DREIFING

Axel R. Överby, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar

MÁLEFNI

Rakaskimun á húsnæði grunnskólans á Suðureyri og aðkallandi endurbætur

Verkbeiðni barst frá Axel R. Överby sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar um að Efla hf tæki að sér rakaskimun og úttekt á aðkallandi viðhaldsaðgerðum á húsnæði Grunnskólans á Suðureyri. Þar sem að ábendingar og kvartanir hafa borist til Ísafjarðarbæjar undafarið frá starfsfólki skólans um að loftgæði/innivist væru ekki í lagi.

Þann 7.febrúar s.l. fór Einar Birkir Sveinbjörnsson, starfsmaður Eflu hf í rakaskimun á húsnæði Grunnskólans á Suðureyri, tekin voru alls 10 sýni á báðum hæðum skólans og þau send í greiningu á rannsóknarstofu Eflu hf á Lynghálsi 4, 110 Reykjavík.

Niðurstöður bárust í tölvupósti þann 24.febrúar s.l. frá Svavari Erni Guðmundssyni starfsmanni Eflu hf sem greindi sýnin. Í ljós kom að 4 af 10 sýnum voru með myglu í 3 sýni sem greindust mygluð voru tekin í gegnum gólfduk og múrílögn og 1 sýni tekin í útvegg (múr). Borað var með flísabor um 20-30 mm inn í múr.

Sýni sem greindust mygluð:

- Sýni 3: Tekið í útvegg í kennslustofu 2.hæðar á suðurgafli ofan við anddyri, þar sem skilvegur milli yngra og eldra húsnæðis er.
- Sýni 6: Tekið úr gólfi í tónlistarherbergi, norðurgafhlíð
- Sýni 7: Gólf viðtalsherbergi á 2.hæð
- Sýni 8: Gólf kennslustofu 1.hæðar við norðurgafhlíð

Aðkallandi aðgerðir í húsnæði:

- Afmarka rými þar sem greinst hefur mygla, setja upp rafdrifnar útsogsviftur til að tryggja undirþrýsting frá menguðum rýmum, samhliða að fjarlægja innbú og húsmuni út úr rýmum, fyrirbyggja krosssmit milli rýma
- Hreinsa burt rakaskemmt byggingarefni og koma þurrkun í ferli.
- Opna klæðningu utanhúss og komast fyrir leka inn í byggingu.

Viðhaldsaðgerðir sem hafa verið settar í ferli:

- Gluggi í stigagangi var pantaður sumarið 2022 (suðvesturhlið), og er kominn til Ísafjarðar. Bíður ísetningar
- Gluggi og útihurð á gangi 1.hæðar (norðvesturhlið) var pantaður haustið 2022, efni komið og bíður ísetningar

Viðhaldsaðgerðir sem æskilegt er að fara í:

- Kjallari: Bíður aðgerða, þarf að einangra upp undir botnplötu í skriðrými og loka gati inn í skriðrými
- Skoða steiptan útvegg á norðausturhlið, taka klæðningu af og þétta útvegg.

F.h Eflu hf

Samúel Orri Stefánsson

Samúel Orri Stefánsson

Byggingarfræðingur B.Sc